

Miðvikudaginn 28. september 1994.

Nr. 409/1994. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn

Páli Konráði Konráðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. september 1994, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Loks krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Páli Konráði Konráðssyni, kt. 020753-5879, Hverfisgötu 32 B, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudags 4. október nk. kl. 15.00 vegna grunar um brot hans gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

Í gærkvöld handtók lögreglan í Reykjavík Pál K. Konráðsson á verkstæði Arnar Ingólfssonar að Skólavörðustíg 17. Við leit á Páli fundust rúmlega 100 gr af hassi. Fyrir réttinum bar kærði, að hann hefði keypt hassið af Erni og greitt fyrir það 90.000,00 kr. Þá bar kærði einnig fyrir réttinum, að hann væri öryrki og hefði ekki mikil fjárráð. Þrátt fyrir það gat kærði reitt fram 90.000,00 kr. í reiðufé og kvaðst aðspurður hafa ætlað sér að nota hassið til eigin nota. Með hliðsjón af stöðu kærða verður þó að telja það fremur ótrúverðugt.

Lögreglan í Reykjavík hefur krafist gæsluvarðhalds yfir þremur mönnum, þ. á m. kærða og Erni Ingólfssyni, sem seldi kærða efnið. Grunur leikur á, að tengsl séu milli þessara manna um meðferð og sölu fíkniefna. Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsi samkvæmt lögum nr. 65/1974.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og yfirheyrslur fyrir lögreglu hafa ekki farið fram, þar sem kærði vildi ekki tjá sig um málefni þetta nema að viðstöddum lögmanni sínum, sem var fjarverandi, þegar yfirheyrslur áttu að fara fram.

Með því að hætta þykir á, að kærði kunni að torvela rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna, ber samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og hún er fram sett.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 4. október nk. kl. 15.00.
